

KIRKJUGARÐARÁÐ

12. fundur haldinn 15. september 2003
kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður sem ritaði fundargerð. Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafði boðað forföll.

Gestir: Fulltrúar frá arkitektastofunni Tröð.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn kl. 11:00 og bauð gesti velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

3. Hugmyndir að duftkirkjugarði í Leynimýri

Guðmundur Rafn gerði gestum grein fyrir Kirkjugarðaráði. Fulltrúar frá arkitektastofunni Tröð kynntu hugmyndir sínar um duftkirkjugarð í Leynimýri við Öskjuhlíð. Um er að ræða vinningstillögu úr samkeppni um duftgarð í Leynimýri. Fulltrúar sem kynntu tillögur Traðar voru Sigríður Magnúsdóttir ásamt Sigurði Guðmundssyni listamanni sem komið hefur að tillögunni. Hans Olav Andersen frá Tröð var einnig viðstaddur (sbr. 11. fg, 5. l)

4. Tölvuskráningar kirkjugarða

Bréf vegna tölvuskráningar kirkjugarða lagt fram.

5. Skýrsla í Árbók kirkjunnar

Guðmundur Rafn mun senda skýrsludrög til nefndarmanna rafrænt og dreifa á næsta fundi.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:40.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari